
Benedikt Gunnarsson að Kjarvals-stöðum



Nr. 23 „Við sundin blá“ olía 1973


100 myndir

Benedikt Gunnarsson er mikilvirkur listamaður sem á sér að baki langt listnám og fjölbreyttan og frjóan listferil. Auk málverksins hefur Benedikt fengist við veggmyndagerð og skreytingar í skólum og opinberum byggingum og notað þar ýmis efni, svo sem glermósaík og steint gler, en fyrir Keflavíkurkirkju gerði hann 18 glerglugga.

Benedikt er nú lektor í myndlist við Kennaraháskóla Íslands og situr því við sama borð og flestir starfsbræður hans í listinni, með tvöfaldan vinnudag að baki.

Benedikt hefur auðsjáanlega málað af miklum móði síðustu árin því í vestursal Kjarvalsstaða getur að líta afrakstur fjögurra næstliðinna ára. Meiri hluti þeirra 100 mynda sem hann sýnir spanna yfir tímabilið frá 1974-1977.

Eftir að hafa lesið á auglýsingaskilti fyrir utan Kjarvalsstaði að Benedikt sýni þarna 100 myndir get ég ekki neitað því að að mér læddist sá grunur, að þarna væri meiri áhersla lögð á magn en gæði, því óneitanlega er það furðulegt að sjá slíkar staðhæfingar í þessu húsi, líkt og um myndamarkað væri að



Nr. 52 „Kvöld í sjávarþorpi“ olía 1971.

Myndlist



Hrafnhildur Schram

ræða. Það er mikið á áhorfandann lagt að ætla honum að skoða 100 myndir á einni sýningu, nema hann gefi sér því betri tíma. Helst þyrfti að vera um tvær heimsóknir að ræða, en eins líflegt og sýningarhald hefur verið í borginni undanfarnar vikur, verður fólk að hafa sig allt við til að komast þó ekki sé nema einu sinni í hvern sýningarsal.

Minna er oft meira og þykist ég þess fullviss að Benedikt hefði náð fram sterkari sýningu ef grisjaður hefði verið burt stór hluti olíumálverkanna, en mörg þeirra eru full keimlík til að hanga svona þétt. Fyrir bragðið hefðu pastelmyndirnar, sem að mínum dómi bera sýninguna uppi, fengið að njóta sín betur. Margar þeirra eru hálfgerðar hornrekur og héngu í myrkri frammi á gangi þegar mig bar þar að.

Geimför og náttúrustemmningar

Olíumálverkin telja hátt á sjötta tug og eru þau ótvírætt merki þess að myndgerð Benedikts hefur á síðustu árum þróast úr abstraktinu yfir í hálf fígúratív form. Benedikt er ekki landslagsmálari í eiginlegri merkingu. Við þekkjum ytri fyrirbæri úr náttúrunni, fólk og vélar, sem hann gefur til kynna, segir hálfsagða sögu. Síðan er það áhorfandans að láta augað raða saman og tengja stöðluð og samanþjöppuð form, þar sem útlínur stundum leysast upp í andrúmsloftinu. Við höfnina nr. 48 er gott dæmi um slík vinnubrögð. Benedikt leitar víða fanga í myndefnisvali sínu, þess bera heiti myndanna glöggt vitni. Þarna gefur að líta kvöldstemmningar í sjávarþorpum og ýmis fyrirbæri tæknialdarinnar, svo sem geimfara og farkosti þeirra, maðurinn sem speglast í slétt-um málmfleti vélarinnar eða í stálhjálmi vinnufélaga síns.

En það eru fyrst og fremst náttúruöflin sem eiga ítök í Benedikt. Myndaflokkur hans **Eldur í Heimaey** sem telur 11 myndir býr yfir næstum trúarlegu inntaki. Í þeim ríkir óráðið ástand ótta og örvæntingar, þar sem jarðneskar verur og þokukenndir svipir heyja baráttuna við æðri máttarvöld. Benedikt fer frjálslega og stundum dálítið glannalega með litinn eins og t.d.í Eldur í Heimaey nr. 31. Oft ber liturinn smágerð formin algjörlega yfirliði þannig að form og litur vinna hvort á móti öðru. Mörg olíumálverkanna virka því lítið sannfærandi og yfirborðskennd þrátt fyrir góða tækni og markvissa myndbyggingu. Því finnst mér Benedikt hæfa mjög vel að vinna stór (monumental) verk eins og t.d. veggmyndir þar sem sterk litameðferð hans passar stórum formum betur.

Benedikt er snjall teiknari og njóta þeir eiginleikar hans sín best í pastelmyndagerðinni. Þar laðar hann fram sérgildi þess vandmeðfarna efnis sem pastelkrítin er, sem krefst þess að sá sem með hana fer litsetji og teikni í senn. Öll litameðferð verður þar mýkri og þar kemur fram ný og ljóðræn hlið hjá Benedikt sem hvergi örlar fyrir í málverkinu. Þar fær líka hugmyndarík teikning hans að njóta sín til fulls, sem sjá má m.a. í myndum nr. 91, 81, 80, 96 og 67 þar sem kunnátta málarans kemur vel fram. Sýningu Benedikts lýkur sunnudaginn 6. nóvember.

Verzlun Verzlun Verzlun



Má bjóða yður Tívolí?
Ekki bara fallegt heldur stórglæsilegt sófasett sem hentar yður vel.
Viðgerðir og klæðningar.
Vönduð vinna.
Bólstrun Guðmundar H. Þorbjörnssonar
Langholtsvegi 49. Sími 33240

Þungavinnuvélar
Allar gerðir og stærðir vinnuvéla og vörubíla á söluskrá.
Útvegum úrvals vinnuvélar og bíla erlendis frá.



Markaðstorgið, Einholti 8, sími 28590 og 74575 kvöldsími.

MOTOROLA
Alternatorar í bíla og báta, 6/12/24/32 volta.
Platínulausar transistorkveikjur í flesta bíla.
HAUKUR & ÓLAFUR HF. Ármúla 32. Sími 37700.

Skrifstofu SKRIFBORÐ
Vönduð sterk skrifstofuskrifborð í þrem stærðum.



Á.GUÐMUNDSSON
Húsgagnaverkstmiðja,
Auðbrekku 57, Kópavogi, Sími 43144

Sími 40299
Ó & B **INNRÉTTINGAR**
Auðbrekku 32, Kópavogi.
Eldhúsinnréttingar. Hnota og eik.
Til afgreiðslu innan 2ja til 3ja vikna.
Uppstilltar á staðnum.

ÆSA
Verzlunin ÆSA auglýsir:
Setjum gulleyrnalokka í eyru með nýrri tækni.
Notum dauðhreinsaðar gullkúlur.
Vinsamlega pantið í síma 23622.
Munið að úrvalið af tízkuskartgripunum er í ÆSU.
ÆSA

STUÐLA SKILRÚM Íslenzkt Hugvit og Handverk



STUÐLA-SKILRÚM er léttur veggur, sem samanstendur af stuðlum, hillum og skápum, allt eftir þörfum á hverjum stað.
SVERRIR HALLGRÍMSSON
Smíðastofa, Trönuhrauni 5. Sími: 51745.

